Umhverfis- og skipulagsráð
25. nóvember 2026

**Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar um varðveislu, endurbætur og framtíðarnýtingu stúkunnar við Laugardalslaug**

Lagt er til að Reykjavíkurborg láti vinna forhönnun og kostnaðarmat á varðveislu og endurbótum stúkunnar við Laugardalslaug, með það að meginmarkmiði að varðveita núverandi mannvirki og styrkja það með viðeigandi aðferðum.

Byggt verði á fyrirliggjandi ástandsrannsóknum og áhættumati, en jafnframt lagt sjálfstætt mat á möguleika til styrkingar og endurbóta, þar á meðal með sjálfstæðu burðarvirki.

Unninn verði samanburður á kostnaði, öryggi, endingartíma og umhverfisáhrifum varðveislu og endurbóta annars vegar og niðurrifs og nýbyggingar hins vegar.

Samhliða verði unnin heildstæð hönnunartillaga þar sem framtíðarnotkun stúkunnar verði skilgreind og möguleikar á viðbyggingu við Sundlaugarveg kannaðir. Slík viðbygging, ein til tveggja hæða, gæti skapað ný rými, aukið notkunarmöguleika mannvirkisins og styrkt tengsl þess við nærliggjandi borgarumhverfi.

Markmiðið er að tryggja að raunhæfar leiðir til varðveislu þessa merka mannvirkis hafi verið kannaðar til hlítar áður en tekin verður endanleg ákvörðun um niðurrif.

**Greinargerð**

Stúkan við Laugardalslaug er eitt af þekktustu kennileitum Laugardalsins og merkilegur hluti af byggingar- og íþróttasögu Reykjavíkur. Hún er jafnframt minnisvarði um stórhug og metnað borgarinnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja og almenningsaðstöðu á sínum tíma.
Mannvirkið, sem hannað var af Einari Sveinssyni arkitekt og tekið í notkun árið 1968, hefur mikið byggingarlistarlegt og menningarsögulegt gildi. Stúkan er jafnframt mikilvægur hluti af heildaryfirbragði Laugardalslaugar. Hún afmarkar sundlaugargarðinn, skapar skjól fyrir norðanáttinni og er órjúfanlegur hluti af þeirri ásýnd og upplifun sem kynslóðir Reykvíkinga þekkja.
Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri húsverndarsviðs Minjastofnunar Íslands, hefur bent á mikið varðveislugildi stúkunnar og hvatt borgaryfirvöld til að fara varlega í niðurrif.
Ástand mannvirkisins er vissulega alvarlegt. Fyrirliggjandi úttektir og áhættumat sýna verulegar skemmdir og nauðsynlegt hefur reynst að loka hluta sundlaugarsvæðisins af öryggisástæðum. Öryggi gesta og starfsfólks verður að sjálfsögðu ávallt að vera í fyrirrúmi.
En sú staðreynd að mannvirki þarfnist umfangsmikilla viðgerða þýðir ekki sjálfkrafa að niðurrif sé eina mögulega lausnin.
Á undanförnum vikum hafa komið fram hugmyndir um nýjar leiðir til að styrkja stúkuna. Arnhildur Pálmadóttir arkitekt og borgarlistamaður Reykjavíkur hefur, í samstarfi við verkfræðinga, bent á möguleika á sjálfstæðu burðarvirki sem gæti tekið við álagi af skemmdum byggingarhlutum. Slíkar hugmyndir verðskulda ítarlega faglega skoðun áður en þeim er hafnað.
Við mat á valkostum þarf að horfa til byggingarlistarlegs og menningarsögulegs gildis mannvirkisins, öryggis, kostnaðar og framtíðarnotkunar. Jafnframt þarf að meta umhverfisáhrif mismunandi lausna, meðal annars með tilliti til kolefnisspors, efnisnýtingar og byggingarúrgangs.

Reykjavík

Varðveisla eldri bygginga er mikilvægur hluti af sjálfbærri borgarþróun. Við eigum að nýta þau verðmæti sem þegar hafa verið byggð upp, þar sem það er mögulegt og skynsamlegt.
Ekki síður mikilvægt er að horfa til framtíðar. Stúkan þarf að fá nýtt og fjölbreytt hlutverk sem tryggir notagildi hennar til næstu áratuga. Kanna mætti möguleika á að nýta mannvirkið fyrir félagsstarf, íþrótta- og menningarstarfsemi og þjónustu við sundlaugargesti.
Sérstaklega verði skoðað hvort einnar til tveggja hæða viðbygging við Sundlaugarveg geti skapað nýja möguleika á nýtingu rýma og aukið tengsl mannvirkisins við borgarumhverfið.
Markmið tillögunnar er að kanna til hlítar hvernig varðveita megi mikilvægt kennileiti Reykjavíkur, nýta áfram þau verðmæti sem þegar hafa verið byggð upp og skapa mannvirkinu nýtt hlutverk til framtíðar.
Ákvörðun um niðurrif slíks mannvirkis er óafturkræf. Því ber okkur að vanda sérstaklega til verka og tryggja að allir raunhæfir valkostir hafi verið skoðaðir áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Reykjavík